

Ed.

981. Frumvarp

til laga um heimild bæjarstjórna og hreppsnefnda til dýrtiðarráðstafana.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Meðan hið óeðlilega háa verð er á vörum vegna Norðurálfrúfriðarins, heimilast bæjarstjórnunum og hreppsnefndum, að jafna niður dýrtiðargjaldi einu sinni á ári, ef brýn þörf er, á alla þá menn í kaupstaðnum eða hreppnum, sem að álitum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eru svo efnum búnir og hafa svo góðar ástæður, að þeir þurfa alls ekki á dýrtiðarhjálp að halda. Niðurjöfnunargjald þetta skal lagt á menn eftir efnum og ástæðum eins og aukaútsvar.

2. gr.

Bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í sveitum innheimta dýrtiðargjaldið. Hefir það lögtaksrjett, sem sveitarútsvör. Það fje, sem inn kemur með þessari niðurjöfnun, skal notað til þess, að sjá þeim fátækum mönnum fyrir atvinnu, sem hennar geta notið, og að svo miklu leyti sem það nægir ekki, þá til þess, að sjá fátæku fólki fyrir lífsnauðsynjum, matvælum og eldsneyti, með vægu verði eða ókeypis, ef brýn þörf er. Styrkur þessi kallast dýrtiðarstyrkur og nær til allra búsettra manna, sem með þurfa. Má ekki skoða hann sem sveitarstyrk nje skerðingu á heiðri eða mannrjettindum.

3. gr.

Með kærur út af niðurjöfnun dýrtiðargjaldsins, eftir lögum þessum, skal farið eins og kærur út af niðurjöfnun sveitarútsvara samkvæmt sveitarstjórnarlögunum.

4. gr.

Heimildarlög þessi gilda til næsta reglulegs þings.